UMFERÐARSTOFA

# Upplýsingar um leyfðan ljósabúnað til lýsingar framan á bifreiðum.

Sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Heimilt er að hafa eftirfarandi ljósker til lýsingar framan á bifreiðum, auk áskildra aðalljóskera:

## Þokuljósker.

Fjöldi: Tvö.
Litur: Hvítur eða gulur.
Dreifing: Ljósið skal dreifast vel til hliðanna og hafa greinileg lárétt birtumörk.
Staðsetning: Ljósker skulu vera framan á ökutækinu. Hæð skal vera a.m.k. 250 mm en ekki meiri en hæð lágljóskera. Fjarlægð frá ystu brún má ekki vera meiri en 400 mm.
Stilling og ljósstyrkur: Ljóskerin skal vera hægt að stilla nákvæmlega á auðveldan hátt. Ljós skal ekki lýsa lengra fram á veginn en lágljós viðkomandi ökutækis. Mesta afl peru sem nota má í hvort ljósker er 70 W.
Tenging: Ljósker skulu tengd stöðuljóskerum um eigin rofa.

## Aukaháljósker.

Fjöldi: Tvö eða fjögur.
Litur: Hvítur eða gulur.
Staðsetning: Ljósker skulu vera staðsett framar en ökumaður.
Stilling og ljósstyrkur: Lýsa a.m.k. 100 m fram á veginn. Samanlagður ljósstyrkur allra háljóskera (háljóskera og aukaháljóskera) sem geta logað samtímis má ekki vera meiri en 225.000 cd eða viðmiðunargildi 75 (sjá mynd og töflu).
Tenging: Ljósker skulu tengd öðrum háljóskerum og kvikna skal á þeim samtímis áskildum háljóskerum eða um sérstakan rofa. Þegar um er að ræða tvö pör aukaháljóskera mega þau ekki geta logað samtímis. Þegar skipt er af háljósum á lágljós skulu öll háljósin slokkna samtímis.

30 e1 e1 30

Viðmiðunargildi fyrir ljósstyrk er tala sem skráð er öðru hvoru megin við “e” merkinguna á ljóskerum fyrir háljós og aukaháljós.

| Viðmiðunargildi | Candella | Viðmiðunargildi | Candella | Viðmiðunargildi | Candella |
|---|---|---|---|---|---|
| 10 | 30.000 | 25 | 75.000 | 40 | 120.000 |
| 12,5 | 37.500 | 27,5 | 82.500 | 45 | 135.000 |
| 17,5 | 52.500 | 30 | 90.000 | 50 | > 142.500 |
| 20 | 60.000 | 37,5 | 112.500 | | |

## Ljóskastarar.

Mega eingöngu vera á hópbifreiðum, vörubifreiðum og torfærubifreiðum.
Fjöldi: Tvö
Litur: hvítur eða gulur.
Dreifing: Ljós skal lýsa fram.
Tenging: Ljóskastarar skulu tengdir háljóskerum um eigin rofa og samtengdir gaumljósi í mælaborði. Á breyttum torfærubifreiðum má tengja ljóskastara um stöðuljós með eigin rofa og gaumljósi.
Notkun: Ljóskastara má einungis nota utan alfaravega og í ófærð utan þéttbýlis þegar aðalljós koma að takmörkuðum notum vegna snjólags eða skafrennings.
Ljóskastarar skulu byrgðir þegar þeir eru ekki í notkun.

US.321 02.2004